

Hægt er að sækja um greiðslubátttöku til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lyfja sem ekki eru á undanþágulista. Skilyrði fyrir greiðslubátttöku, í slíkum tilvikum er, að framvísað sé lyfjaskírteini sem stofnunin gefur út í samræmi við þær reglur sem hún setur sér.

Greiðslubátttaka Tryggingstofnunar ríkisins í undantekningartilvikum skal taka mið af viðurkenndu hámarksverði lyfjaverðsnefndar skv. 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

## 9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður greiðslutilhögun lyfja vegna nýrra markaðsleyfa og breytinga á markaðsleyfum, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins í samræmi við 41. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

## 10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. janúar 1999. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 158/1996 með áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. desember 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Einar Magnússon.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 448, 16. júlí 1998,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.**

## 1. gr.

4. og 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:	
4. Hörpudiskur samtals	10.150
þ.a. Breiðafjörður	8.500
þ.a. Húnaflói	1.350
þ.a. Arnarfjörður	300
5. Innfjarðarrækja samtals	5.200
þ.a. Arnarfjörður	400
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.000
þ.a. Húnaflói	1.000
þ.a. Skagafjörður	800
þ.a. Skjálfandi	500
þ.a. Öxarfjörður	1.500

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. desember 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*